

## Sólbræddir vængir.

sýning er þriggja ára samfelld vinna og seinasta árið skiptir þá sköpum. Framan af fer mikill tími í tilraunir. Það er nauðsynlegur hvati, já, vinnuhvati. Ég var svo heppinn að fá inni í Safnahúsinu á Sauðárkróki sl. vetur til þess að vinna að þessum stóru myndum. Það var mér mikils virði og sýnir að listamenn geta vænst þess að mæta skilningi hvar sem er á landinu. Þetta er mér svo ofarlega í huga, hvað það er nauðsynlegt að fá listafólk út á land. Fólk, sem fer til Reykjavíkur, ber það fyrir sig, að það fái ekki það sama úti á landi og þar, t.d. í listum. Hér er ríkjandi oftrú á Reykjavík, að ekki sé hægt að vinna að listum annars staðar. Menn gæta ekki að því, að fríðurinn, sem fæst á stöðum víðsvegar út um land, er ómetanlegur fyrir listamenn. Hitt er svo ekki síður erfitt, að sú list, sem kemur utan af landi er oft vanmetin, og fólk þar trúir þessu líka. Það vanmetur sitt eigið fólk. Samt kom í ljós við athugun í Handíða- og myndlistarskólunum, að svo gott sem allir kunnustu málurarnar þjóðarinnar voru settar og aldir uppi úti á landi. Ég er eiginlega sammála Ármanni bróður mínum um það, að rétt væri að skipta landinu í tvo hluta. Annars vegar yrði þá Reykjavík og nágrenni, þ.e. a.s. mörkin yrðu þá við Hvalstöðina að vestan, en við Fúlalæk að austan. Þessir hlutar segðu sig síðan úr lögum hvor við annan, losuðu sig við alla starfandi stjórnmálamenn og byrjuðu á núllinu. Það þarf ekki að halda áfram sögunni. En þetta virðist nauðsynlegt ef aðrir staðir, en

höfuðborgin, eiga að eflast og fá í raun og veru að ráða því fjármagni, sem að landi berst. Þá þyrfti heldur ekki að hvetja listamenn til þess að láta að sér kveða víða um land til heilla fyrir þjóðarheildina. —

## VIII

Það líður á daginn og áður en við skiljumst vil ég aðeins staldra við Sauðárkrók. — Já, ég var orðinn fjölskyldumaður, þegar við fluttumst á Sauðárkrók. Konan mín er Ásthildur Sigurðardóttir. Hún er fædd á Seljamýri í Loðmundarfirði, en ólst upp á Borgarfirði eins og ég. Faðir hennar, Sigurður Jónsson brúarsmiður, var húsbóndi minn í mörg sumur, en hann var bróðir Ísaks Jónssonar skólastjóra. Við eigum þrjá syni, sem eru uppkomnir nú. Tveir þeir eldri eru báðir starfandi listamenn, Gyrdir er ljóðskáld og Sigurlaugur er listmálari, en Erlingur Nökkvi er ennbá heima í foreldrahúsum. Við komum til Sauðárkróks árið 1963. Fyrstu 6 árin þar vann ég við ýmis störf. Jafnhliða þessum störfum reyndi ég að grípa í myndlistarverkefni, t.d. grafík, en án teljandi árangurs. Því var það dag nokkurn árið 1974, að ég ákvað að hætta öllu dútli og hef síðan unið samfleytt að glæpnum. Vinnuástandan hefur lengst af verið erfitt og afkoman órugg, en eigi að síður hefur þetta gengið. Mér er í mun að vera frjáls, þegar ég glími við myndir, ótruflaður af tísku og peningastjónarmidum. Menn tóku að ílka myndlist áður en þeir fóru að búa í húsum. Listin á að fléttast eðlilega saman við líf fólks. Þess ber hinsvegar að gæta, að þegar maðurinn leggur sig djúpt í verkin, þá geta viðfangsefnin breytt honum, svo hann




## Vorís

glögg mörk á milli huglifunar og sjónreynslu. Raunar tel ég það hættulegt fyrir sálina að mála formleysu til lengdar. Þá er og myndlistarmönnum nauðsynlegt að teikna og vera í grafík. Nei, ég hef ekki í hyggju að snúa mér eingöngu að abstraktmyndum. Um þessar mundir mála ég til dæmis figuratívt. Fátt eða ekkert hefur haft sterkari áhrif á mig sem myndlistarmann og sjórinn. Það var sjór í öllum mínum myndum. Þetta eru áhrif allt frá bernsku heima á Borgarfirði eystra. Þá gekk ég löngum á reka — fór einu sinni í viku um alla landareignina heima. Á stríðsárunum bjóst maður alltaf við að finna eitthvað merkilegt og ógnvænlegt, kannski lík eða rekið tundurdufl. Sjórinn er margslunginn og ef ég mála landslag, þá er þar alltaf sjór. Þegar ég fór fyrst að heiman og upp á hérað, þá gat ég ekki sofið vegna þess að sjávarniðinn vantaði þar. Hins vegar hefur manneskjan alltaf verið í fyrirrúmi, þegar ég vinn í grafík. En málverkið á huga minn. Það er svo sterkt. —

## VII

Nú spyr ég Elías, hvað hann þurfi langan undirbúningstíma fyrir sýningu. — Ein



## Bláklukkan kallar.

virðist ekki alltaf samkvæmur sjálfum sér. Persónuleiki hans birtist á ýmsa ólíka vegu og oft er hann líkt og sundurtættur. Þeir, sem eru sjálfum sér samkvæmir í listiðkun sinni og gefandi, verða ósjaldan fyrir utanadkomandi óþægindum. Þegar það verður fyrir háði og spotti, sem þeir vildu gefa heiminum, mynda þeir varnargarða. —

Hér nemum við staðar og þessi síðustu orð leiða hugann að einni grundvallarniðurstöðu þýska listfræðingsins og heimspækingsins Wilhelms Worringers um mismun á listamönnum eftir kynþáttum. Hann hélt því fram „að hinn norræni maður rækti ekki persónuleika sinn í félagslega þágu eða af félagslegri vitund, heldur leiði persónuþroskinn til sífellt meiri einstaklingskenndar og um leið vitundar um einangrun og firringu.“ Elías B. Halldórsson er einfari í íslenskri myndlist, óheftur og sterkur gengur hann hiklaust til verks. Hann skortir ekki áræði fremur en sauðamanninn í Nesi, sem tók upp slæðuna af ströndinni og brá henni hiklaust yfir höfuð sér og fylgdi Snotru álfkonu til óræðra heima. Elías hefur þegar lagt fram jartein um góða för.

## Stormur

Bolli Gústavsson er sóknarprestur í Laufási í Eyjafirði.